

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1972–1993.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 15. nóvember 1989 staðfest eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi Akureyrar 1972–1993.

1. Landnotkun á svæði milli Krossanesbrautar og Óseyrar breytist úr útivistarsvæði í iðnaðarsvæði.
2. Íbúðarsvæði við Stórholt er stækkað lítillega og minnkar útivistarsvæði sem því nemur. Þessar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt þær og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt þær til staðfestingar ráðuneytisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1989.*

F. h. r.  
**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 541

17. nóvember 1989

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga nr. 467, 7. ágúst 1981 með síðari breytingum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið aftar upplýsinga frá sveitarfélögum um álagningu fasteignaskatts, aðstöðugjalda og útsvara og nýtingu þessara tekjustofna. Skulu sveitarfélög hafa skilað skýrslu til ráðuneytisins um þessi efni í síðasta lagi 15. september á eyðublöðum, sem ráðuneytið lætur þeim í té.

Til grundvallar útsvarstekjum skal leggja álögð útsvör 1989 á tekjur á árinu 1988.

Að fengnum skýrslum og upplýsingum frá sveitarfélögum skv. 1. mgr. semur félagsmálaráðuneytið heildarskýrslu ásamt upplýsingum um nýtingu tekjustofna í hverju sveitarfélagi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 47. gr. laga nr. 73, 26. nóvember 1980 um tekjustofna sveitarfélaga til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. nóvember 1989.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*